

Efni: Fyrirspurn frá bæjarfulltrúa D-lista

24.02.2020

Mál:2002057

Óskað er eftir upplýsingum um áfallinn heildarkostnað við byggingu dælustöðvar fyrir Selfossveitur, stöðu verkefnisins og áætluð verklok. Jafnframt um fjárhæð samþykks tilboðs og fjárheimildir skv. fjárhagsáætlunum.

Gunnar Egilsson, D-lista.

## 1. Áfallinn heildarkostnaður

Til að meta áfallinn heildarkostnað á verðlagi dagsins í dag þá er áfallinn heildarkostnaður uppreiknaður út frá meðaltali byggingarvísitölu ársins á því ári sem kostnaður verður til mv. byggingarvísitölu dagsins í dag. Áfallinn kostnaður árána 2017 til 2020 er **507.519.925** kr. uppfært mv. byggingarvísitölu **519.987.221** kr. án virðisaukaskatts.

- **Áfallinn kostnaður án vsk:(21.febrúar 2020)**

○	<u>Ár</u>	<u>Kostn.</u>	<u>M.v vísitöluh.</u>	<u>Byggingarvísitala</u>
○	2017	17.581.184	19.562.724	132,2
○	2018	60.317.968	63.924.878	138,8
○	2019	397.872.413	404.751.258	144,6
○	<u>2020</u>	<u>31.748.360</u>	<u>31.748.360</u>	<u>147,1</u>
○	<b>Heild</b>	<b>507.519.925</b>	<b>519.987.221</b>	

## 2. Staða verkefnis og áætluð verklok

Stöðin er tilbúin í prufukeyrslur. Við prófun á dælum kom upp leki og hafa dælurnar nú verið sendar til framleiðanda þar sem þær eru í prófunum.

Lóðafrágangur er eftir og verður unnin á vordögum. Verklok á þeim áfanga og þá verkinu í heild sinni er **15. júní 2020**.

### 3. Samþykkt tilboð

Samþykkt tilboð án virðisaukaskatts.

- **Samþykkt tilboð án vsk:**

Ár	Verkpáttur	Tilboðsupphæð
○ 2017	Hönnun	32.824.100
○ 2018	Byggingarvinna	289.908.000
○ 2018-2020	Efnisútboð á aðföngum	114.746.023
○ 2018	Framkvæmdaeftirlit	16.656.350
○ <b>Samtals</b>		<b>454.134.473</b>

- **Annar kostnaður**

○ Ný heimtaug frá HS-veitum	10.000.000
○ <b>Samtals</b>	<b>464.134.473</b>

Mismunur á samþykktu tilboði og áföllnum kostnaði liggur í aukaverkum og kaupum á smærri aðföngum sem verkkaupi skaffar.

### 4. Fjárheimildir skv. fjárhagsáætlun

Til að meta fjárheimildir hvers árs á verðlagi dagsins í dag þá er byggingavístala í desember árið á undan notuð þegar fjárfestingaráætlun er samþykkt og upphæðin uppreiknuð m.v byggingarvísitölu í dag. Fjárheimildir áranna 2017 til 2020 voru **490.000.000** uppfært m.v. byggingarvísitölu **513.645.088** kr. án virðisaukaskatts.

- **Fjárfestingaráætlun án vsk:**

○	Ár	Áætlun	m.vísitöluh.	Byggingarvísitala
○	2017	40.000.000	45.192.012	130,2
○	2018	80.000.000	86.465.834	136,1
○	2019	300.000.000	311.652.542	141,6
○	2020	70.000.000	70.334.699	147,1
○	<b>Heild</b>	<b>490.000.000</b>	<b>513.645.088</b>	

Áfallinn kostnaður áranna 2017-2020 er **519.987.221** kr. uppfært m.v. byggingarvísitölu (sjá kafla 1). Samtals fjárheimildir áranna 2017-2020 voru **513.645.088** kr.. Tölur uppgefnar án virðisaukaskatts.